

STARFSSKÝRSLA SAGNFRÆÐISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS FYRIR ÁRIÐ 1996

(Lögð fyrir fund kennara, styrkþega og stjórnar Sagnfræðistofnunar 6. mars 1997, sbr. fundargerð).

1. Stjórn

Fulltrúar kennara í stjórn Sagnfræðistofnunar á árinu 1996 voru Anna Agnarsdóttir dósent, forstöðumaður, og Helgi Þorláksson prófessor. Pröstur Sverrisson sat í stjórn stofnunarinnar fyrri hluta ársins sem fulltrúi stúdenta en Skarphéðinn Guðmundsson síðari hluta ársins. Á árinu 1996 voru haldnir átta stjórnarfundir eftir að hin nýja stjórn tók við.

2. Starfsmenn

Eggert Þór Bernharðsson vann ýmis tilfallandi verkefni fyrir stofnunina á síðasta ári, m.a. hafði hann umsjón með bókasafni og sá um heimasíðu Sagnfræðistofnunar. Guðni Thorlacius Jóhannesson sá um ljósritun kennsluhefta og sölu á þeim. Hvorugur getur talist vera í föstu starfi hjá Sagnfræðistofnun. Í tengslum við *Íslenska sögubíngið*, sem stofnunin stendur fyrir hafa fjórir starfsmenn verið ráðnir: Sigríður Matthíasdóttir, M.A. (framkvæmdastjóri), Eiríkur K. Björnsson, sagnfræðingur (ritstjóri), og sagnfræðinemarnir Þórmundur Jónatansson (fjölmiðlafulltrúi) og Viggó Ásgeirsson (kynningarfulltrúi).

3. Rannsóknir

Dr. Guðmundur Jónsson hefur unnið að rannsóknarverkefninu *Þjóðarframleiðsla á Íslandi 1870-1945* við Sagnfræðistofnun undanfarin ár með styrk frá Rannsóknarráði Íslands. Hér er um styrkþegastöðu að ræða þar sem rannsóknastofnun veitir styrkþega aðstöðu en Rannsóknarráð Íslands greiðir honum laun. Á árinu tók Guðmundur þátt í tveimur ráðstefnum, í Uppsölum og Helsinki, þar sem hann flutti erindi í tengslum við rannsóknir sínar.

Rannsóknarverkefni Þórs Whitehead *Herinn og þjóðin. Siglingar Íslendinga á stríðsárunum* var unnið að hluta á vegum Sagnfræðistofnunar. Rektor Háskóla Íslands og Þjóðskjalasafn veittu styrki í verkefnið að beiðni Sagnfræðistofnunar, auk þess sem Sagnfræðistofnun veitti 100.000 kr. styrk.

Eins og nú er orðin venja hlaut hver fastur kennari 50.000 kr. í rannsóknarstyrk frá stofnuninni. Undir lok ársins var 15.000 kr. viðbótarstyrkur veittur öllum kennurum.

4. Útgáfa

Ekkert rit kom út á vegum Sagnfræðistofnunar árið 1996. Hins vegar var allur kostnaður af útgáfu bókarinnar *Konur og Vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld* eftir Agnesi S. Arnórsdóttur greiddur á árinu 1996. Bókin er 12. bindi í ritröðinni Sagnfræðirannsóknir - Studia Historica og er ritstjóri Gunnar Karlsson prófessor.

Minningarrit dr. Gísla Ágústs Gunnlaugssonar. Dr. Gísli Ágúst Gunnlaugsson, dósent í sagnfræði, lést þann 3. febrúar 1996. Að ósk Berglindar Ásgeirsdóttur, ekkju Gísla Ágústs, hefur Sagnfræðistofnun haft umsjón með útgáfu greinasafns eftir Gísla Ágúst Gunnlaugsson til minningar um hann. Leitað var eftir samstarfi við Sögufélag, en Gísli Ágúst starfaði mikið fyrir það félag. Var það auðsótt mál. Ritnefndina skipa: Guðmundur Hálfðanarson dósent (fulltrúi Sagnfræðistofnunar), Loftur Guttormsson prófessor (fulltrúi Sögufélags) og Ólöf Garðarsdóttir sagnfræðingur. Auk þess hefur Berglind Ásgeirsdóttir starfað með ritnefndinni. Bókin hefur hlotið titilinn: *Saga og samfélag. Ættir úr félagssögu 19. og 20. aldar*. Útgáfan er á lokastigi og kemur bókin út með vorinu. Áskrifendur eru nú 420.

Útgáfa á eftirfarandi ritum er í undirbúningi:

1. *Menntun, ást og sorg* eftir Sigurð Gylfa Magnússon (Sagnfræðirannsóknir - Studia Historica)
2. *The Iceland Trade under British Control 1807-1818* eftir Önnu Agnarsdóttur (Ritsafn Sagnfræðistofnunar)
3. Rit eftir Sigurð Gylfa Magnússon (Ritsafn Sagnfræðistofnunar)

Eggert Þór Bernharðsson var fyrir nokkrum árum ráðinn til að semja kennsluhefti um ritgerðasmíð. Því verki er ólokið og er útgáfa ekki væntanleg á árinu 1997.

Rétt er að minnast á það að núverandi stjórn Sagnfræðistofnunar hefur ákveðið að höfundum rita sem Sagnfræðistofnun gefur út verði greidd ritlaun í einu lagi samkvæmt samningum Rithöfundasambandsins en ritstjórar fá kr. 50.000 í grunnlaun.

5. Erlend samskipti

Erlend samskipti á vegum Sagnfræðistofnunar voru að mestu í höndum Landsnefndar íslenskra sagnfræðinga, en að henni standa Sagnfræðistofnun, Sagnfræðingafélag Íslands og Þjóðskjalasafn Íslands í sameiningu. Fulltrúar Sagnfræðistofnunar í nefndinni eru Ingi Sigurðsson prófessor, sem er formaður nefndarinnar, og Gísli Gunnarsson dósent. Nefndin á aðild að alþjóðasamtökum

sagnfræðinga, *Comité International des Sciences Historiques*. Landsnefndin hefur að mestu lokið undirbúningi þátttöku í 23. þingi norrænna sagnfræðinga sem haldið verður í ágústmánuði á þessu ári í Tampere. Ellefu íslenskir sagnfræðingar verða með framlag af einhverju tagi á þinginu, meðal þeirra eru Gísli Gunnarsson, Guðmundur Hálfðanarson, Sveinbjörn Rafnsson og Guðmundur Jónsson.

Auk þess hefur Landsnefndin gert tillögu um efni á 19. heimsþingi sagnfræðinga, sem haldið verður í Osló árið 2000: *Voyages and Exploration in the North Atlantic until the End of the 17th Century*.

Landsnefndin sendi ritstjórn *Scandinavian Journal of History* erindi þar sem óskað eftir því að Íslendingar yrðu aðilar að útgáfu tímaritsins. Þetta erindi var samþykkt nú í febrúarmánuði.

Á árinu 1996 komu tveir erlendir fræðimenn og fluttu fyrirlestra á vegum Sagnfræðistofnunar. Dr. Benjamin Arnold frá Reading University sem hélt fyrirlesturinn "Emperor Frederick II as Politician" í febrúar og Dr. Avner Offer frá Nuffield College, Oxford University sem flutti opinberan fyrirlestur "Going to War in 1914: A Matter of Honour?" í maí.

Dr. Ole S. Lindquist, sem er "research fellow" við School of History and International Relations, St. John's House Centre for Advanced Historical Studies við University of St. Andrews, var gestur stofnunarinnar fyrri hluta ársins.

6. Málstofa Sagnfræðistofnunar.

Óskar Bjarnason M.A. flutti erindið "Eddur, Íslendingasögur og þýsk þjóðernishyggja 1920 -1933" í boði Sagnfræðistofnunar þann 26. september 1996.

7. Fjármál

Sagnfræðistofnun nýtti allt sitt fé á síðastliðnu ári. Voru aðal útgjaldaliðirnir útgáfan á bók Agnesar S. Arnórsdóttur og rannsóknastyrkir kennara. Velta stofnunarinnar var eilítið meiri en á árinu 1995: tekjur af sölu kennsluhefta voru um 900.000. Háskólaútgáfan getur enn ekki skilað uppgjöri fyrir árið 1995 en að sögn Jörundar Guðmundssonar útgáfustjóra er stofnunin skuldlaus við Háskólaútgáfuna, þ.e.a.s. tekjur af sölu rita Sagnfræðistofnunar hafi verið nægjanlega háar til að greiða prentsmiðjukostnaðinn af bók Agnesar. Að öðru leyti er vísað í væntanlegt fjárhagsyfirlit.

8. Bókasafnið

Bækur voru keyptar fyrir um 100.000 kr. Eins og fram hefur komið hefur Eggert Þór Bernharðsson sagnfræðingur haft umsjón með bókasafninu.

9. Húsnæði

Á árinu 1996 hafði stofnunin eingöngu yfir að ráða rannsóknastofuna á 4. hæð í Árnagarði. Þar er bókasafn Sagnfræðistofnunar, sem Guðni Jónsson prófessor gaf á sínum tíma, og þar fer sala kennsluhefta fram. Guðmundur Jónsson hefur haft þar aðstöðu til að vinna að rannsóknum sínum og stundakennarar hafa haft leyfi til að nýta sér það, t.d. til að hitta nemendur. Aðstoðarmenn Gunnars Karlssonar hafa unnið þar við Ritaskrána. Nú er búið að úthluta Sagnfræðistofnun og Bókmenntafræðistofnun "rými" í suðurenda 3. hæðar Árnagarðs. Ekki var haft samráð við stofnanirnar um notkun rýmisins og er það, eins og stendur, galopið og nánast ónothæft. Forstöðumennirnir Anna Agnarsdóttir og Dagný Kristjánsdóttir fóru á fund rektors ásamt deildarforseta heimspekideildar. Einnig hefur verið leitað álits dr. Magga Jónssonar og hafa allir aðilar komist að samkomulagi um ásættanlega lausn, þ.e.a.s. að skipta rýminu einfaldlega í tvennt. Eftir á þó að fá samþykki Byggingarnefndar háskólans fyrir nauðsynlegum breytingum á rýminu.

10. Íslenska sögupíngið 28-31 maí 1997

Aðalverkefni Sagnfræðistofnunar undanfarið hefur verið undirbúningur fyrsta *Íslenska sögupíngingsins*, sem er samstarfsverkefni stofnunarinnar og Sagnfræðingafélags Íslands. Nær allir fastir kennarar eru þátttakendur í þinginu og er óþarfi að fjölyrða um það hér. Öll skjöl varðandi þinghaldið eru vandlega varðveitt. Gengið hefur vel að fá styrki frá rektor, Kynningarnefnd H. Í., menntamálaráðherra, utanríkisráðherra, SPÍRON, Landsbanka Íslands og Seðlabankanum. Nokkrar umsóknir bíða afgreiðslu. Skráning er hafin en gengur því miður treglega. Sagnfræðistofnun mun leggja fram skýrslu ásamt fjármálayfirliti um framkvæmd þingsins í haust. Í þingstjórn eiga sæti f. h. Sagnfræðistofnunar forstöðumaður og Eggert Þór Bernharðsson. Fulltrúi Sagnfræðingafélagsins er Hrefna Róbertsdóttir.

10. Útskriftarboð kandiðata í sagnfræði

Undanfarin tvö ár hafa Sagnfræðistofnun, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag staðið að sameiginlegri veislu handa nýútskrifuðum kandiðötum í sagnfræði - bæði handa þeim sem lokið hafa B.A. prófi og M.A. prófi. Verðlaun, *Grágás* í útgáfu Gunnars Karlssons prófessors, Kristjáns Sveinssonar og Marðar Árnasonar, voru veitt í bæði skiptin fyrir hæstu einkunn á kandiðatsprófi. Árið 1995 hlaut Brynhildur Ingvarsdóttir B.A. verðlaunin og 1996 féllu þau í hlut Unnar Birnu Karlsdóttur M.A. Er almennt talið að framtakið hafi verið gott og

þeir haft ánægju af móttökunni sem sáu sér fært að mæta. Í bæði skiptin var hins vegar þátttaka kandiðatana sjálfra lítil (1996 mættu 9 af 26). Þarafleiðandi er það samdóma álit stjórna stofnunarinnar og félaganna tveggja að miðað við kostnað sé ekki verjandi að halda áfram þessari "hefð".

11. Tækjakostur

Stofnunin á tvær tölvur. Önnur er líklega sú elsta sinnar tegundar enn í notkun hér á landi og hin er ekki nægilega öflug. Sótt var um fé til að kaupa nýja tölvu í Tækjakaupasjóð en ekki bar sú umsókn árangur. Stofnunin á hins vegar fyrsta flokks prentara og er hann mikið notaður af kennurum í sagnfræði sem eiga skrifstofur á 4. hæð í Árnagarði. Er stjórnin nú að undirbúa nýja umsókn í Tækjakaupasjóð.

Símsvari fékkst á skrifstofu forstöðumanns Sagnfræðistofnunar.

Heimasíða Sagnfræðistofnunar sem finna má á stofnana síðum Háskóla Íslands er komið í gagnið.

12. NÝJUNGAR Í STARFSEMI SAGNFRÆÐISTOFNUNAR

a) Samstarf við Þjóðskjalasafn Íslands

Forstöðumaður átti fund með Ólafi Ásgeirssyni þjóðskjalaverði í október 1996 um hugsanlegt samstarf. Var ákveðið að samstarf stofnana mundi felast í því að ráða tvo sagnfræðinema í tveggja mánaða vinnu á safninu sumarið. 1997. Sagnfræðistofnun og Þjóðskjalasafn munu leggja fram ein mánaðarlaun hvort um sig og sótt verður um tvenn mánaðarlaun í Nýsköpunarsjóð. Hefur þetta verið kynnt nemendum í skjalsafnanámskeiðinu og hlotið góðar undirtektir. Samstarfið er háð styrkveitingu úr Nýsköpunarsjóði.

b) Íðorðasafn í sagnfræði

Loksins hafa fundist nemendur (Stefán Pálsson og Pétur Hrafn Árnason) sem áhuga hafa á því að taka saman íðorðasafn í sagnfræði (bæði ensk-íslensk hugtök og ekki síður íslensk-ensk). Sagnfræðistofnun mun sækja um styrk í Nýsköpunarsjóð til verkefnisins. Ákvörðun þarf að taka um mótframlag Sagnfræðistofnunar.

c) Rannsóknarverkefnið *Utanlandsverslun Íslands frá öndverðu til samtímans*.

Í undirbúningsnefnd verkefnisins eru kennararnir Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Helgi Þorláksson. Sótt verður um styrk til Vísindasjóðs.

d) Ráðstefna um sögu norðurslóða.

Hún verður haldin í júní 1998 í samvinnu við Utanríkisráðuneytið. Frumkvæði að þessari ráðstefnu átti Ingi Sigurðsson prófessor og er hann fulltrúi Sagnfræðistofnunar í undirbúningsnefndinni. Ólafur Egilsson sendiherra er fulltrúi Utanríkisráðuneytisins.

e) Heimildaútgáfa Sagnfræðistofnunar. Hér er um að ræða ritröð þar sem frumheimildir verða gefnar út með fræðilegum inngangi og skýringum annaðhvort af fræðimönnum eða nemendum á M.A. stigi sem vinna verkið undir handleiðslu kennara við Sagnfræðiskor. Fyrsta ritið sem er væntanlegt er *Rædur Hjálmar á Bjargi....* eftir Magnús Stephensen. Örn Hrafnkelsson sér úm útgáfuna en leiðbeinandi er Guðmundur Hálfðanarson.

f) Doktorsritgerðir íslenskra fræðimanna

Rætt hefur verið um það á stjórnarfundum að Sagnfræðistofnun standi fyrir útgáfu doktorsritgerða háskólakennara og annarra íslenskra sagnfræðinga. Gæti þetta orðið sérstök ritröð. Hægt væri að sækja um styrki í þetta verkefni til Vísindasjóðs.

Að lokum má geta þess að mikið hefur verið leitað til stofnunarinnar varðandi sagnfræðileg málefni bæði af innlendum og erlendum mönnum. Sem dæmi má nefna að Jón Pálsson f.h. Skálholtsskóla og Pétur Pétursson f.h. Guðfræðistofnunar buðu Sagnfræðistofnun að tilnefna fulltrúa í samstarfsnefnd til að minnast tveggja merkismanna Jóns Þorkelssonar rektors og Þórðar Þorlákssonar biskups. Stjórnin tilnefndi Gísli Gunnarsson dósent sem fulltrúa Sagnfræðistofnunar í nefndina. Ráðstefna verður haldin í tilefni af þrjúhundruðustu ártíð Þórðar Þorlákssonar biskups helgina 3-4 maí næstkomandi.

Forstöðumaður

FJÁRVEITINGABEIÐNI SAGNFRÆÐISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS
VEGNA REKSTRARÁÆTLUNAR Á ÁRINU 1997

Tekjur

Tekjur af seldum útgáfubókum stofnunarinnar og heftum fyrir námskeið kr. 900.000 -

Gjöld	Vinnulaun	Annar kostnaður
Stjórnunar-, skrifstofu- ritfangakostnaður	200.000	150.000
Starfsmenn Sagnfræðistofnunar	300.000	0
Erlend samskipti	50.000	400.000
Bókasafn stofnunar	0	150.000
Sagnfræðirannsóknir	800.000	0
Ljósritun kennsluhefta	0	500.000
Ritsafn Sagnfræðistofnunar	600.000	1200.000
Rannsóknarkostnaður kennara	0	550.000
Íslenska söguþingið	250.000	150.000
Minningarrit Gísla Ágústs	100.000	150.000
Utanlandsverslunarverkefnið	300.000	100.000
Frumheimildir í sagnfræði	300.000	100.000
Önnur útgáfa	200.000	100.000
Tímarit á ensku	300.000	250.000
Kaup á tölvu	0	150.000
Stuðningur við <i>Sagnir</i> og		
Félag sagnfræðinema	0	250.000
Annar kostnaður		200.000

	-----	-----
Heildarútgjöld	3.400.000	4.400.000
Frá þeim dragast tekjur		900.000
Upphæð fjárveitingarbeiðni	3.400.000	3.500.000
 Alls. kr. 6.900.000		

GREINARGERÐ MEÐ FJÁRVEITINGABEIÐNI SAGNFRÆÐISTOFNUNAR HÁSKÓLA ÍSLANDS 1997

Að mörgu leyti verður rekstur Sagnfræðistofnunar með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stofnunin hefur ráðið starfsmenn í ýmis afmörkuð verkefni eins og tíðkast hefur undanfarið. Starfsmennirnir hafa sinnt ýmsum störfum fyrir stofnunina, svo sem umsjón með framleiðslu og sölu kennsluhefta fyrir námskeið, umsjón með bókasafni stofnunarinnar, heimasíðunni á Internetinu, og ýmis verkefni sem tengjast undirbúningi fyrsta íslenska söguþingsins, sem haldið verður í maílok á þessu ári. Í fjárhagsáætluninni er gert ráð fyrir að starfsmaður verði ráðinn í hálft starf allt árið.

Undanfarin ár hafa fastir kennarar í sagnfræði fengið styrk til rannsókna, allt að 50.000 kr. gegn framvísun reikninga um útlagðan kostnað. Nýttu kennarar sér styrkinn til kaupa á fræðiritum, framleiðslu mynda og taflna fyrir vísindagreinar o.s.frv. Hefur þetta mælst vel fyrir og er ætlunin að halda slíkum styrkveitingum áfram ef hagur stofnunarinnar leyfir.

Annar rekstur stofnunarinnar hlýtur að takmarkast af þeim fjárveitingum sem hún fær. Reiknað er með að verulegur hluti útgjalda ársins 1997 renni til útgáfustarfsemi Sagnfræðistofnunar, en hún hefur staðið að útgáfu um 50 sagnfræðiritum á undanförunum tveimur áratugum. Í byrjun ársins 1996 kom út bók Agnesar S. Arnórsdóttur *Konur og vígamenn. Staða kynjanna á Íslandi á 12. og 13. öld.* Á þessu ári er ráðgert að gefa út einar þrjár bækur í ritröðunum tveimur, tvær í ritröðinni *Ritsafn Sagnfræðistofnunar* og eina í *Sagnfræðirannsóknnum*. Þar að auki er stutt í það að vísindarit til að heiðra minningu dr. Gísla Ágústs Gunnlaugssonar, dósents komi út.

Fyrsta *Íslenska söguþingið* er stærsta verkefni stofnunarinnar á þessu augnabliki. Þar munu um 70 fræðimenn halda fyrirlestra um nýjustu rannsóknir í íslenskri sagnfræði. Ráðstefnuritin tvö verða gefin út á vegum Sagnfræðistofnunar í haust. Þingið verður mjög kostnaðarsamt, áætlaður kostnaður um 3.500.000 kr. en það gengur nokkuð vel að fá styrki til þinghaldsins. Auk þess munu ráðstefnugjöld verða drjúg tekjulind, þótt þau verði stillt í hóf.

Nokkrir erlendir fræðimenn komu í fyrra til fyrirlestrahalds og á þessu ári verður Arthur Marwick, prófessor í sagnfræði við The Open University sérstakur gestur stofnunarinnar. Mun hann m.a. flytja fyrsta *The Jón Sigurðsson Memorial Lecture* á íslenska söguþinginu.

Dr. Agnetha Breitsch frá háskólanum í Uppsölum mun vera gistifræðimaður stofnunarinnar á næsta ári.

Erlend samskipti á árinu 1997 verða með svipuðu sniði og áður, þ.e. stuðningur við þátttöku íslenska sagnfræðinga í samtökum á borð við Alþjóðasamtök sagnfræðinga og Norræna sagnfræðipingið, sem haldið verður í Tampere seinna á þessu ári.

Núverandi stjórn hefur áhuga á að stofna til rannsóknarverkefnisins *Utanlandsverslun Íslands frá fyrstu tíð til samtímans*. Mikil gróska hefur verið í rannsóknum á utanríkisverslun Íslands á undanförunum tveimur áratugum. Ætlunin er að koma út yfirlitsriti um þessar rannsóknir. Er þetta verkefni í undirbúningi.

Stjórnin stefnir að því að hefja útgáfu á nýrri ritröð: *Frumheimildir í sagnfræði*. Hugmyndin er að kennarar og nemendur á M.A. stigi vinni að fræðilegum útgáfum á merkilegum frumheimildum (texti með skýringum og inngangi). Eru slík verkefni í vinnslu nú þegar á M.A. stiginu undir handleiðslu kennara.

Einnig stefnir stjórnin að því að gefa út doktorsritgerðir íslenskra sagnfræðinga á ensku.

Loks stendur til að stofna tímarit, sem kæmi út árlega með greinum eftir íslenska sagnfræðinga á ensku. Er búið að fá dreifingaraðila að þessu tímariti erlendis.

Hvort hægt verði að hrinda þessum áætlunum í framkvæmd mun auðvitað vera háð fjárveitingunni.

Virðingarfyllst,



Anna Agnarsdóttir
forstöðumaður